

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við kerfi hennar, í té vatnsmagn, er áætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi veitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr., er afhent notanda um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennismæli:

A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	kr. 89,09
-------------------------------	--------------

2. Mælaleiga:

Auk þess greiðist fastagjald árlega háð afköstum rennismælisins en óháð töxtum að öðru leyti. Fastagjaldi er skipt í þrjá flokka:

	kr./dag
A. 15-20 mm	38,05
B. 25-50 mm	85,22
C. 65 mm og stærri	159,48

3. Sérstakir notendur:

Sérstakir notendur greiða fyrir afnot af heita vatninu sem hér segir:

Notandi	Kr./m ³	Athugasemdir
A. Almenningsundlaugar	28,51	Gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.
B. Sundlaugar stofnana	47,43	Til þessa flokks teljast sundlaugar sem reknar eru af stofnunum sem ekki eru í beinni eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga
C. Gróðurhús	30,51	Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni
D. Vatnsverð án flutningsgjalda	63,01	
E. Upphitaðir íþróttavellir utandyra	72,74	
F. Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	59,93	

Taxtinn gildir fyrir þá aðila sem eiga heimæðar sínar og sjá um rekstur þeirra og viðhald á eigin kostnað. Mælir er þá staðsettur veitumegin við heimæðina. Mælagjaldinu er dreift jafnt niður á fjölda reikningstímabila eins og þau eru ákveðin hverju sinni.

4. *Innheimtuviðvörðun:*

Innheimtuviðvörðun kr. 950 innheimtist 20 dögum eftir gjalddaga/eindaga.

5. gr.

Fjöldi reikningstímabila, sem þó skulu eigi vera færri en fjögur á ári, og innheimtutilhögun hitaveitugjalda hverju sinni, sbr. 4. gr., skulu ákveðin af bæjarstjóra. Það teljast vanskil sé reikningur ekki greiddur á gjalddaga.

Hitaveita Mosfellsbæjar skal tilkynna notendum sínum með hæfilegum fyrirvara ef hún ákveður að breyta fjölda reikningstímabila hitaveitureikninga og skal jafnan miða við að breytingar á gjaldskrá taki gildi við upphaf hvers reikningstímabils til að auðvelda notendum úrlestur hitaveitureikninga og hitaveitunni álagningu þeirra.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

<i>Sverleiki pípu í mm</i>	<i>Upphæð án vsk., kr.</i>
20	128.901
25	245.278
32	368.340
40	735.371
50	1.221.140
65	2.440.953
80	4.878.467

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Hitaveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn skv. umsókn. Þar sem lengd heimæðar er minna en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 80.413 án vsk.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 35.247 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og tekur mið af gildandi reglum um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá bæjarráði heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt á að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undan-

genginni skriflegri viðvörðun, sem sendist kaupanda með minnst þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 17.100 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 766 frá 30. júní 2011.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2011.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.